



Er ekki bara best
að vinna hjá ríkinu?

Þessi skýrsla er unnin af Intellecon ehf. fyrir Félag atvinnurekenda.

Ábyrgð á efni og framsetningu er að fullu á ábyrgð höfundu.

EFNISTÖK

Inngangur

1. Hið opinbera
2. Íslenskur vinnumarkaður og hið opinbera
3. Þróun launakostnaðar og samanburður
4. Helstu niðurstöður

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um þróun hins opinbera á vinnumarkaði á síðustu árum og áratugum.

Sérstaklega er hugað að samsetningu vinnumarkaðar, s.s. með tilliti til kynjaskiptingar og þjóðernis, en einnig er sjónum beint að launaþróun og samanburði milli stétta.

Skýrslan er byggð upp með þeim hætti að fyrst er umfjöllun um hvernig skilgreina megi hið opinbera og hvaða varnagla þurfi að slá varðandi gögn og túlkun þeirra.

Því næst er umfjöllun um íslenskan vinnumarkað, þróun hans og samanburð við önnur lönd, sérstaklega hvað varðar breytingar á vinnutíma.

Þá er fjallað um þróun launakostnaðar á Íslandi og samanburður við almenna markaðinn og ólíkar starfstéttir.

Að síðustu er samantekt um helstu niðurstöður.

VANDKVÆÐI VIÐ TÚLKUN TÖLULEGRA GAGNA

Það veldur nokkrum vandkvæðum að erfitt er að nálgast ítarleg gögn um raunverulegan fjölda opinberra starfsmanna eftir starfstéttum og laun og launaþróun samanborið við almennan vinnumarkað.

Sumir eru í hlutastörfum og margir vinna jafnvel að hluta til hjá hinu opinbera og að hluta til á almennum vinnumarkaði.

Þá verður ekki hjá því litið að samsetning vinnumarkaðar hvað varðar menntun, bakgrunn og reynslu getur verið mjög ólík eftir starfsgreinum og þar af leiðandi milli hins opinbera vinnumarkaðar og hins almenna.

Hér hefur verið farin sú leið að draga ályktanir um samanburð milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera út frá tölum sem byggja á skiptingu starfa eftir stéttum. Þannig er gengið út frá því að þeir sem vinna í opinberri stjórnslu, í heilbrigðis- og félagsþjónustu, sem og í heilbrigðisþjónustu, séu að stærstum hluta opinberir starfsmenn.

Taka verður tillit til þessa við túlkun tölulegra niðurstaðna.

1. HİD OPINBERA

HVAÐ ER HIÐ OPINBERA?

Hið opinbera er sá hluti samfélagsins sem aðallega er fjármagnaður með almennri skattheimtu.

Yfirleitt er litið þannig á að hið opinbera samanstandi af starfsemi ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar.

Hið opinbera gegnir margvíslegu hlutverki í efnahags- og samfélaginu. Þannig eru sum viðfangsefni að öllu leyti á verksviði hins opinbera, s.s. lagasetningarvald, löggæsla, dómstólar sem og æðsta stjórn ríkis og sveitarfélaga.

Þá eru umsvif hins opinbera í orkuöflun og orkudreifingu mikil, sem og í rekstri ýmissa innviða og má þar nefna flutningskerfi raforku, vegakerfi og hitaveitur.

Á sumum sviðum efnahagslífsins er hið opinbera umfangsmikið s.s. hvað varðar heilbrigðisþjónustu og menntamál og meginþorri þeirra sem vinna á þessum sviðum eru starfsmenn hins opinbera.

Þá hafa orðið ýmiss konar umbreytingar í opinberum rekstri á síðustu árum og áratugum. Má þar nefna tilflutning verkefna til einkaaðila með útboðum og stofnun opinberra hlutafélaga.

SKILGREINING OPINBERRA STARFA

Opinberir starfsmenn teljast þeir er starfa hjá ríki eða sveitarfélögum.

Sérstök lög gilda um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (70/1996) og ná þau yfir þá starfsmenn sem ráðnir eru, skipaðir eða settir til lengri tíma en eins mánaðar, með undantekningum þó.

Þannig taka þau ekki til forseta, ráðherra eða alþingismanna né starfsmanna hlutafélaga, þótt þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins.

Þá taka þau ekki til starfsmanna stofnana sem að öllu eða einhverju leyti eru í eigu annarra en ríkisins, þrátt fyrir að þær stofnanir séu einvörðungu reknar fyrir framlög frá ríkinu.

Starfsmenn sveitarfélaga teljast einnig til opinberra starfsmanna.

OPINBERIR STARFSMENN OG OPINBERAR UPPLÝSINGAR

Hagstofan gefur ekki út tölur um heildarfjölda opinberra starfsmanna, því þarf að reikna út áætlaðan fjölda þeirra eftir flokkun starfsmanna eftir helstu starfstéttum (ÍSAT2008).

Þrjú bálfar þessarar flokkunar eru mikilvægastir við mat á fjölda opinberra starfsmanna, þ.e.:

- Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar
- Fræðslustarfsemi
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Hér teljast þó ekki með bálfar þar sem ætla má að starfsemin sé að verulegu leyti fjármögnuð með opinberu fé. Má þar nefna:

- Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi
- Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi

Þeir starfsmenn hins opinbera sem ekki vinna í fræðslustarfsemi eða á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu teljast til þeirra er starfa í opinberri stjórnsýslu, varnarmálum og almannatryggingum. Til opinberrar stjórnsýslu telst þannig ýmiss konar umsýsla fyrir hið opinbera. Nánari útlistun má finna í ÍSAT2008.

DÆMI UM STIGVELDI OPINBERRA STARFSMANNA

```
graph LR; A[DÆMI UM STIGVELDI OPINBERRA STARFSMANNA] --- B[Æðstu embættismenn ríkisins eru að jafnaði skipaðir til fimm ára í senn.]; A --- C[Starfsmenn ríkis og sveitarfélaga]; A --- D[Aðrir starfsmenn hins opinbera, opinberra hlutafélaga eða sjálfseignarstofnana];
```

Æðstu embættismenn ríkisins eru að jafnaði skipaðir til fimm ára í senn.

Starfsmenn ríkis og sveitarfélaga

Aðrir starfsmenn hins opinbera, opinberra hlutafélaga eða sjálfseignarstofnana

2. ÍSLENSKUR VINNUMARKAÐUR OG HIÐ OPINBERA

OPINBER VINNUMARKAÐUR – SAMANBURÐUR VIÐ ÖNNUR LÖND


Það er ekki með öllu einfalt að bera saman hlutfallslega stærð opinbers vinnumarkaðar milli landa.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) heldur gagnagrunn um hlutfallslega stærð þess er kallað er almennur opinber geiri (e. *general government*) og ber saman milli aðildarlanda sinna. Til starfsmanna hins almenna opinbera geira teljast ríkisstarfsmenn, starfsmenn sveitarstjórna sem og þeirra er starfa við almannatryggingakerfi hins opinbera.

Samkvæmt tölum OECD er stærð hins opinbera á vinnumarkaði einungis meiri í Noregi, Svíþjóð og Danmörku en hér á landi.

Hlutfall þetta mældist rétt tæp 25% hér á landi árið 2019 en hæst í Noregi tæplega 31%.

Það sem vekur sérstaka athygli er að í mörgum löndum OECD lækkaði þetta hlutfall milli ára 2007 og 2019 en ekki hér á landi, þar sem það stóð í stað. Einungis í Eistlandi, Slóveníu, Spáni, Mexíkó og Lúxemborg hækkaði hlutfallið milli þessara ára.



HLUTFALL ALMENNA OPINBERA GEIRANS AF VINNUMARKAÐI

VINNUR FÓLK MIKIÐ Á ÍSLANDI?

Á síðustu áratugum hefur dregið verulega úr fjölda vinnustunda hjá því fólki sem er á vinnumarkaði.



Þannig hefur vinnustundum á Íslandi að meðaltali fækkað um 26,6% á hvern vinnandi mann frá árinu 1970.

Samkvæmt samanburðartölum OECD er árlegt vinnuframlag hvers vinnandi einstaklings á Íslandi um 1.433 vinnustundir á ári.

Svíar og Norðmenn vinna álíka margar vinnustundir á ári og Íslendingar, en Danir nokkuð minna.

Til samanburðar má nefna að Kóreubúar vinna um 1.915 vinnustundir á ári og Pólverjar um 1.850 stundir á ári.

Þetta þýðir að Pólverjar í Póllandi vinna að öðru óbreyttu ríflega 400 klst. lengur á hverju ári en Íslendingar.



Heimild: OECD

ÞRÓUN Í FJÖLDA VINNUSTUNDA OG SAMANBURÐUR VIÐ ÖNNUR LÖND

STYTTING VINNUVIKUNNAR

Árið 2019-2020 var samið í kjarasamningum um styttingu vinnuvikunnar.

Almennt má segja að ákvæði kjarasamninga kveði á um:

- Að heimilt sé að stytta vinnuvikuna um allt að 4 klukkustundir á viku. Nánar tiltekið úr 40 í 36 virkar vinnustundir.
- Þau stéttarfélög sem tóku upp slíkt fyrirkomulag í kjarasamningum voru BHM, BSRB og sum aðildarfélag ASÍ.

Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (70/1996, 13. gr) er sérstaklega tekið fram að þeir eigi rétt á sveigjanlegum vinnutíma, bitni það ekki á þjónustu við almenning.

Eitt af markmiðum með styttingu vinnuvikunnar var að gera fólki auðveldara að samþætta atvinnu og fjölskyldulíf.

Misjafnlega hefur gengið að innleiða styttingu vinnuvikunnar hjá ólíkum hópum starfsfólks. Þanning getur reynst erfitt að útfæra styttingu vinnuvikunnar hjá þeim sem starfa í vaktavinnu.

REYNSLAN AF STYTTINGU VINNUVIKUNNAR FYRIR RÍKISSTARFSMENN

Í skýrslu KPMG, sem gefin var út árið 2022, kemur fram að 77% stofnanna ríkisins innleiddu hámarks styttingu vinnuvikunnar.

Samkvæmt sömu skýrslu hækkaði launakostnaður um 1,3 ma.kr. 2020-2021, en hækkunina má að mestu leyti rekja til launakostnaðar heilbrigðisstofnana. Þar verður að líta til þess að umfang þeirrar starfsemi jókst verulega vegna Covid-19 heimsfaraldursins.

Yfirvinnuhlutfall hélst einnig óbreytt milli árana 2020 og 2021.

Ekki hefur farið fram heildstætt gæðamat á áhrifum styttingar vinnuvikunnar en fyrstu vísbendingar gefa til kynna að stytting vinnuvikunnar hafi ekki aukið kostnað umfram áhrif Covid-19 faraldursins.

Þá færa skýrsluhöfundar rök fyrir því að stjórnendur ríkisstofnana hafi margir hverjir farið geyst í styttingu vinnuvikunnar án þess að innleiða árangursmælingar og auka hagræðingu í starfseminni á sama tíma.

Starfsfólk virðist almennt ánægt með styttingu vinnuvikunnar.

Í könnunum Gallup (2020 og 2022) þar sem fólk er spurt um gæði þjónustu ólíkra stofnana hins opinbera kemur fram að 13 af 15 stofnunum lækka í stöðumati milli þessara ára.

Nánari umfjöllun og ábendingar varðandi framkvæmd og áhrif styttingar vinnuvikunnar má lesa um í skýrslu KPMG sem hér hefur verið vitnað í.

GAGNAÖFLUN UM VINNUMARKAÐ

Hagstofa Íslands tekur saman gögn frá tveimur ólíkum gagnagrunnum um vinnumarkaðinn á Íslandi.

Annars vegar gögn byggð á **staðgreiðsluskrá Skattsins** og hins vegar **vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands**.

Staðgreiðsluskrá tekur til eftirfarandi:

„Grunngögn byggja á stjórnsluskrá frá Skattinum, staðgreiðsluskrá, en þeir sem teljast launagreiðendur samkvæmt lögum um opinber gjöld nr. 45/1987 ber að skila mánaðarlega skilagrein með sundurliðuðum upplýsingum um hvern þann einstakling sem þeir greiða staðgreiðsluskylda greiðslu til Skattsins.“

Vinnumarkaðsrannsókn er úrtaksrannsókn þar sem niðurstöður eru reiknaðar út með eftirfarandi hætti:

„Allar niðurstöður eru vigtaðar eftir svarlíkindum sem byggja á uppruna, kyni, menntunarstöðu, aldri og vinnumarkaðsstöðu á grunni staðgreiðslugagna og árstíðarleiddréttar. Að jafnaði eru vigtaðar niðurstöður birtar fyrir mælinguna sjálfa og svo árstíðarleiddréttu mælinguna. Einnig er leitni mælingarinnar birt.“

Allir þeir sem telja sig hafa starfað í eina klukkustund eða meira í viðmiðunarvikurannsóknarinnar eru skráðir starfandi.

OPINBERUM STARFSMÖNNUM HEFUR FJÖLGAÐ VERULEGA Á SÍÐUSTU ÁRUM

Tölur úr **staðgreiðsluskrá Skattsins** gefa til kynna að opinberum starfsmönnum hafi fjölgað töluvert frá árinu 2018 eftir að hlutfall þeirra á vinnumarkaði hafði verið nokkuð stöðugt á árunum þar á undan.

Þessar tölur ná bara aftur til ársins 2012. Um er að ræða ársfjórðungsgögn en hér er notast við ársmeðaltöl.

Er þar litið til allra þeirra sem fengið hafa launagreiðslur sem starfsmenn ríkis eða sveitarfélaga. Þannig er óvíst hve stór hluti er í fullu starfi og hve stór hluti er í hlutastarfi.

Starfsmönnum sveitarfélaga hefur samkvæmt þessum upplýsingum fjölgað um 4.485 frá árinu 2015 til ársins 2021.

Hjá ríkinu hefur einnig átt sér stað fjölgun sem nemur um 3.617 á sama tímabili.

Samkvæmt þessu hefur fjölgunin hefur verið ríflega 8.100 milli áranna 2015 og 2021.

Það þýðir um 17% fjölgun á 6 árum.

Á sama tímabili fjölgaði starfsmönnum á almennum vinnumarkaði um 8.248 manns, en þá er litið til allra þeirra sem þegið hafa laun, óháð starfshlutfalli.

FJÖLGUN OPINBERRA STARFSMANNA SAMKVÆMT TÖLUM HAGSTOFU

Sé litið til talna **vinnumarkaðsrannsóknar**, sem byggja á starfsgreinaflokkun eins og áður hefur verið rakið, þá hefur opinberum starfsmönnum fjölgað að jafnaði um 2,3% á ári milli áranna 1991 og 2021. Þar er horft bæði til þeirra sem eru í aðalstörfum og aukastörfum hjá hinu opinbera.

Á árabílinu 2015 til 2021 hefur opinberum starfsmönnum fjölgað um 11.400. Samkvæmt þessum tölum hefur fjöldi opinberrra starfsmanna aukist um ríflega 21,4% á þessum 6 árum.


Á sama tíma fjölgaði starfsfólki á almenna markaðnum um 4.200 sem er um 3% aukning.

Fjölgunin er mest í opinberri stjórnslu en þar hefur starfsmönnum fjölgað um 4.600 frá árinu 2015. Það er um 60% aukning á 6 árum.

Opinber stjórnslu er fámennasti flokkurinn og starfsfólki í þessum flokki fækkaði verulega eftir fjármálahrunið 2008 og náði lágmarki árið 2015.


Síðan þá hefur aukning í fjölda starfsfólks sem vinnur við opinbera stjórnslu verið mjög hröð.

Fjöldi opinberra starfsmanna utan í aðal og aukastörfum



Heimild: Hagstofa Íslands

ÞRÓUN FJÖLDA OPINBERRA STARFSMANNA EFTIR BÁLKUM



Heimild: Hagstofa Íslands

ÞRÓUN Í FJÖLDA OPINBERRA STARFSMANNA

MIKIL FJÖLGUN INNFLYTJENDA Á ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI


Á síðustu árum hefur orðið gríðarleg fjölgun starfandi innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði.

Frá árinu 2008 hefur fjöldinn aukist úr rúmlega 22 þúsund manns í ríflega 35 þúsund árið 2021.

Karlarnir eru nokkuð fleiri, eða ríflega 19 þúsund en konurnar tæplega 16 þúsund.

Nokkuð dró úr fjölda innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði í kjölfar Covid-19 faraldursins en fjöldinn var mestur árið 2019 eða tæplega 39 þúsund manns.

Fjöldi innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði jókst aftur þegar dró úr áhrifum Covid-19 faraldursins á íslenskt efnahagslíf og útlit er fyrir að sú þróun haldi áfram.



Heimild: Hagstofa Íslands



FJÖLDI INNFLYTJENDA Á ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI

HLUTFALL KVENNA Á OPINBERUM VINNUMARKAÐI ER HÁTT

Konur eru í miklum meirihluta þeirra er vinna hjá hinu opinbera, hvort sem er hjá ríkinu eða hjá sveitarfélögum.

Hlutfall kvenna af vinnuafli sveitarfélaganna er tæplega 73% en til samanburðar er hlutfallið 66% hjá ríkinu.

Þessi hlutföll hafa verið nokkuð stöðug á síðustu árum.



Heimild: Hagstofa Íslands

KYNJAHLUTFÖLL STARFSMANNA RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

KONUR Hafa í auknum mæli sótt inn á opinbera vinnumarkaðinn en fólk af erlendum uppruna er á almenna markaðnum

Þegar litið er á kynjaskiptingu opinbera vinnumarkaðarins vekur það sérstaka athygli hve konur eru fjölmennar.

Á meðan hlutfall starfandi hjá hinu opinbera hefur aukist úr 30% í 33% milli ára 2008 til 2021 þá hefur hlutfall kvenna sem starfa hjá hinu opinbera, af heildarfjölda kvenna á vinnumarkaði, aukist úr 43% í 47% á sama tíma.


Þetta þýðir að rétt tæplega helmingur allra kvenna á vinnumarkaði vinna hjá hinu opinbera.

Skýring á þessu háa hlutfalli kvenna á opinberum vinnumarkaði er e.t.v. sú að fjölmennar kvennastéttir má finna í heilbrigðis- og fræðslugeiranum.

Hlutfall þess fólks á vinnumarkaði sem er af erlendum uppruna og starfar hjá hinu opinbera er mun lægra en Íslendinga.

Þetta hlutfall var 14% árið 2008 en var um 16% árið 2021.

Af þessu leiðir að stærstur hluti þess fólks af erlendum uppruna sem starfar á íslenskum vinnumarkaði er á almenna markaðnum.



Heimild: Hagstofa Íslands

BREYTINGAR Í SAMSETNINGU OPINBERA VINNUMARKAÐARINS

3. ÞRÓUN LAUNAKOSTNAÐAR OG SAMANBURÐUR

LAUN HINS OPINBERA ERU Á PARI VIÐ ALMENNA MARKAÐINN

Sögulega séð hafa laun hjá hinu opinbera jafnan verið lægri en á hinum almenna markaði. Á síðustu árum hefur þessi munur nánast horfið.


Á árunum 2016–2018 var launakostnaður hins opinbera hærri en á almenna markaðnum.

Af þessu má ráða að hið opinbera er samkeppnisfært við almenna markaðinn í launum.

Sé haft í huga að starfsöryggi hjá hinu opinbera er almennt betra en á almennum vinnumarkaði þá má velta upp þeirri spurningu hvort ekki sé hagfelldara en áður að vinna hjá hinu opinbera frekar en á almennum vinnumarkaði.

Greidd heildarlaun ríkisstarfsmanna hafa hækkað um 96,3% frá árinu 2008 og laun starfsfólks sveitarfélaga um 107,4%, sé litið til meðaltala. Á sama tíma hafa greidd heildarlaun að meðaltali á almennum markaði hækkað um 80,8%%.

Hér er verið að bera saman launaþróun á verðlagi hvers árs.



Heimild: Hagstofa Íslands

HEILDARLAUN (MEÐTALTAL) FULLVINNANDI – ALMENNIR STARFSMENN OG RÍKISSTARFSMENN

LAUNAKOSTNAÐUR HEFUR AUKIST MIKIÐ Í OPINBERRI STJÓRNSÝSLU

Laun- og launatengd gjöld, þ.e.a.s. launakostnaður á hverja vinnustund, hefur farið hækkandi.



Kostnaðurinn hefur aukist mun meira í opinberri stjórnsýslu en á almennum vinnumarkaði.

Hið opinbera er umfangsmikið í fræðslustarfsemi og í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Þar eru laun hins vegar að meðaltali lægri en í opinberu stjórnsýslunni.

Launakostnaður á hverja vinnustund í fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og velferðarþjónustu hefur þróast í takt við almenna vinnumarkaðinn.

Töluverður munur er á launakostnaði í opinberri stjórnsýslu og á almennum vinnumarkaði, þegar litið er til kostnaðar á hverja vinnustund.

Þessi munur var ekki svo mikill árið 2008, eða einungis um 3%. Hann jókst verulega á næstu árum þar á eftir og náði hámarki árið 2017 þegar hann var um 11,4%. Síðan þá hefur munurinn minnkað nokkuð og mælist nú um tæp 9%.



Heimild: Hagstofa Íslands

ÞRÓUN LAUNAKOSTNAÐAR OG SAMANBURÐUR OPINBERA OG ALMENNA MARKAÐARINS

GREIDD HEILDARLAUN HJÁ HINU OPINBERA M.V. AÐRAR STARFSSTÉTTIR

Það er áhugavert að bera saman greidd heildarlaun hjá þeim starfsstéttum þar sem hið opinbera er umfangsmikið og bera saman við greidd heildarlaun í öðrum starfsstéttum.

Hér verður að hafa þann fyrirvara að slíkur samanburður er ekki fullkominn þar sem um er að ræða meðaltöl og því segir hann lítið um launadreifingu.

Einnig má ætla að einhverjir opinberir starfsmenn teljist til annarra starfsstétta en opinberrar stjórnarsýslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsmála.

Þá má deila um hvort rétt sé að miða við greidd heildarlaun, eða hvort líta beri til grunntaxta og hvort taka eigi tillit til yfirvinnu eða ekki.

Engu að síður má ætla að slíkur samanburður gefi nokkuð góða mynd af launum hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum markaði hins vegar.

Hér á eftir eru borin saman meðaltal greiddra heildarlauna hjá einkennandi starfsstéttum hins opinbera við aðra á vinnumarkaði. Því næst er litið til samanburðar í greiddum launum sérfræðinga og að lokum stjórnenda.



GREIDD HEILDARLAUN HJÁ HINU OPINBERA M.V. AÐRAR STARFSSTÉTTIR – *ALLIR*

Þegar borið er saman meðaltal greiddra launa í einkennandi greinum hins opinbera og hjá öðrum starfsstéttum sést glögggt að þau eru töluvert hærri hjá þeim er starfa við opinbera stjórnslu en í flestum öðrum atvinnugreinum. Munar þar um 12% á meðaltali allra starfsgreina.

Greidd laun eru að meðaltali einungis hærri í fjármála- og váttryggingarstarfsemi og veitustarfsemi en í opinberri stjórnslu.

Þá eru greidd laun í heilbrigðis- og félagsþjónustu að meðaltali um 6% hærri en almennt á vinnumarkaði.

Hlutfall greidd heildarlaun allra sem hlutfall af heild störf eru merkt með



Heimild: Hagstofa Íslands

SAMANBURÐUR Á GREIDDUM LAUNUM HJÁ HINU OPINBERA OG Á ALMENNUM MARKAÐI


GREIDD HEILDARLAUN HJÁ HINU OPINBERA M.V. AÐRAR STARFSSTÉTTIR – STJÓRNENDUR

Sé litið til stjórnenda eru greidd laun hjá þeim er starfa í opinberri stjórnarsýslu nálægt meðaltali á vinnumarkaði almennt.

Greidd laun í heilbrigðis- og félagsþjónustu eru um 6% lægri en meðaltalið og enn meiru munar, eða um 24%, hjá þeim stjórnendum sem vinna í fræðslustarfsemi.

Það hefur áhrif á samanburð þessara meðaltala að greidd laun í fjármála- og váttryggingarstarfsemi annars vegar og í veitustarfsemi eru hlutfallslega mun hærrí en í öðrum starfsstéttum þegar litið er til stjórnenda.

SAMANBURÐUR Á GREIDDUM LAUNUM STJÓRNENDA HJÁ HINU OPINBERA OG Á ALMENNUM MARKAÐI




GREIDD HEILDARLAUN HJÁ HINU OPINBERA M.V. AÐRAR STARFSSTÉTTIR – SÉRFRÆÐINGAR

Ef litið er til sérfræðinga á vinnumarkaði kemur í ljós að þeir sem vinna í heilbrigðis- og félagsþjónustu hafa töluvert hærrí greidd heildarlaun en aðrir sérfræðingar sem vinna í öðrum einkennandi greinum hins opinbera.

Þannig eru greidd laun þeirra að jafnaði 17% hærrí en meðaltal sérfræðinga í öllum starfsstéttum. Sérfræðingar í fjármála- og váttryggingarstarfsemi, veitustarfsemi og bygginga- og mannvirkjagerð hafa enn hærrí greidd heildarlaun að meðaltali.

Sérfræðingar í opinberri stjórnslu eru nálægt meðaltali allra starfsstétta.

SAMANBURÐUR Á GREIDDUM LAUNUM SÉRFRÆÐINGA HJÁ HINU OPINBERA OG Á ALMENNUM MARKAÐI



4. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Miklar breytingar hafa átt sér stað á íslenskum vinnumarkaði á síðustu árum og áratugum.

Vísbendingar eru um að verulega hafi dregið úr fjölda vinnustunda hjá vinnandi fólki. Sú þróun hófst áður en samið var um styttingu vinnuviku í kjarasamningum.

Þá hefur þátttaka fólks af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði aukist hröðum skrefum. Meginþorri þessa fólks vinnur á almennum vinnumarkaði en ekki hjá hinu opinbera.

Á sama tíma hefur orðið mikil fjölgun meðal starfsfólks hins opinbera. Þessi fjölgun opinberra starfsmanna hefur verið bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Ætla má að fjölgunin nemi um fimmtungi á síðustu 6 árum.

Hlutfall opinbera vinnumarkaðarins af heildarvinnuafli er með því hæsta sem þekkt meðal landa OECD.

Þá er athyglisvert að hlutfall kvenna á vinnumarkaði sem vinnur hjá hinu opinbera er mun hærri en karla. Ætla má að tæplega helmingur kvenna á vinnumarkaði vinni hjá hinu opinbera. Hlutfallið er herra hjá sveitarfélögum en ríkinu.

Laun hjá hinu opinbera eru orðin samkeppnisfær við almenna markaðinn. Greidd laun í opinberri stjórnarsýslu eru almennt mun hærri en í flestum öðrum starfsgreinum.

Að öllu þessu sögðu má ætla að eftirsóknarverðara sé nú en áður er að vinna hjá hinu opinbera.

UNNIÐ AF INTELLECON EHF. FYRIR FÉLAG ATVINNUREKENDA

HÖFUNDAR: GUNNAR HARALDSSON, HARALDUR JÓN HANNESSON OG MAGNÚS ÁRNI SKÚLASON